

Nd.

738. Nefndarálit

[274. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 93/1971, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er kveðið svo á, að endurskoða skuli lagasetningu þá um Framkvæmdastofnun ríkisins, sem ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar beitti sér fyrir í upphafi valdaferils síns. Gat engum komið þetta á óvart, þar eð Sjálfstæðisflokkurinn hafði beitt sér mjög gegn setningu þessarar löggjafar og þá ekki sist því stjórnarfyrikomulagi hennar, sem kennt var við „kommissara“ og fólst í því, að ríkisstjórnin tilnefndi þriggja manna framkvæmdaráð sem skipað skyldi pólitískum fulltrúum stjórnarflokkanna þriggja og hafa í reynd mest völd innan stofnunarinnar. Greiddu þingmenn Sjálfstæðisflokksins atkvæði gegn frv. Þingflokkur Alþýðuflokksins studdi meginstefnu frumvarpsins, þar eð Framkvæmdastofnuninni væri ætlað að starfa að nauðsynlegri áætlanagerð og hagrannsóknum. En hið pólitíska stjórnarfyrikomulag stofnunarinnar var harðlega gagnrýnt af hálfu þingmanna flokksins og fluttu þeir breytingartillögur við frumvarpið varðandi það efni. Fólst í þeim, að framkvæmdastjóri stofnunarinnar skyldi vera einn og skipaður af ríkisstjórninni með sama hætti og tíðkast um embættismenn, og síðan skyldi hann og forstöðumenn deildanna mynda framkvæmdastjórn stofnunarinnar. Þingflokkur Alþýðuflokksins taldi hitt eðlilegt og sjálfsagt, að yfirstjórn stofnunarinnar væri í höndum þingkjörinnar stjórnar, svo sem t.d. á sér stað varðandi bankaráð ríkisbankanna.

Það vakti furðu margra, ekki aðeins meðal andstæðinga ríkisstjórnarinnar, heldur einnig meðal stuðningsmanna hennar, þegar ríkisstjórnin lét undir höfuð leggjast að flytja frv. um breytingu á stjórn stofnunarinnar, heldur hélt við hinu fyrra stjórnkerfi, með þeirri einu breytingu, að nú urðu „kommissararnir“ tveir fulltrúar núverandi stjórnarflokka og báðir þingmenn, þótt staða þeirra væri talin hliðstæð stöðum bankastjóra og almennt samkomulag væri um, að þingmennska og bankastjórastörf samrýmdust ekki. Auk þess voru þeir báðir þingmenn sama kjörðæmis.

Þingmenn Alþýðuflokksins hafa tvívegis flutt frv. um breytingu á þessum lögum í samræmi við fyrri afstöðu Alþýðuflokksins og Sjálfstæðisflokksins varðandi stjórn stofnunarinnar. En þau frv. hafa ekki hlotið undirtektir. Hins vegar flytur ríkisstjórnin nú, næstum tveim árum eftir að hún tók við völdum, þetta frv., sem í raun og veru gerir ráð fyrir óbreyttri stjórn stofnunarinnar, þótt sú formbreyting sé gerð, að orðið „framkvæmdaráð“ er nú ekki lengur notað, heldur á ríkisstjórnin nú að geta skipað „forstjóra“, eins marga og henni sýnist, samkvæmt tillögum stjórnar stofnunarinnar. Virðist liggja í loftinu, að sömu þingmenn og stjórn að hafa stofnuninni síðan stjórnarskipti urðu, eigi að gera það áfram, og verður þá í reynd engin breyting í því stjórnarfyrikomulagi sem þingflokkur Sjálfstæðisflokksins taldi óhafandi fyrir nokkrum árum.

Þá er rétt að vekja athygli á því, að gert er ráð fyrir stofnun nýrrar deildar, sem vera á undir stjórn sérstaks framkvæmdastjóra. Í frv. felst þannig fjölgun á forstöðumönnum deilda, sem nú eru nefndir „framkvæmdastjórar“, úr tveim í þrjá.

Í 14. gr. frv. eru ákvæði um tekjur Byggðasjóðs, segir þar m. a., að framlag úr ríkissjóði skuli miðast við það, að árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins skuli vera tiltekin hundraðstala af útgjöldum fjárlaga. Frá almennu sjónarmiði er mjög varhugavert að ákveða fjárveitingar í fjárlögum með slíkum hætti í almennum lögum. Verið getur, að eðlilegt væri að ákveða hærra upphæð í fjárlögum. Hið gagnstæða gæti einnig augljóslega verið rétt, miðað við aðstæður. Allir gætu t. d. verið sammála um að auka fjárveitingar til félagsmála eða skólamála, þótt engin rök hnígi að því, að í kjölfar þess ætti sjálfkrafa að fylgja aukið framlag í Byggðasjóð. Slík

ákvæði eiga að vera í samstarfssamningum ríkisstjórna, svo sem í reynd á sér stað um samstarfssamning núverandi ríkisstjórnar, og er þar raunar um hærra hlutfall að ræða af útgjöldum ríkissjóðs en frv. gerir ráð fyrir.

Undirritaður minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar gerði grein fyrir því í nefndinni að hann mundi freista þess að koma fram breytingu á stjórnarháttum stofnunarinnar í samræmi við þau sjónarmið, sem sett voru fram af hálfu þingmanna Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks, þegar lögín voru sett. Ég hef kosið að velja breytingartillögu minni það form, sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárhags- og viðskiptanefnd þessarar deildar töldu fara best á, þegar frv. var afgreitt á sínum tíma. Þá fluttu þeir Matthías Bjarnason og Matthías Á. Mathiesen svo hljóðandi tillögu í þessari deild varðandi stjórn stofnunarinnar:

„Að fengnum tillögum Framkvæmdastofnunar ríkisins skipar ríkisstjórnin forstjóra stofnunarinnar, er hefur yfirumsjón með daglegum rekstri áætlunardeildar og lánadeildar hennar. Forstjórinn og forstöðumenn áætlunardeildar og lánadeildar mynda framkvæmdaráð.“

Stjórn Framkvæmdastofnunarinnar tekur ákvörðun fyrir hönd stofnunarinnar um launakjör forstjóra, forstöðumanna deilda og annarra starfsmanna.“

Sams konar breytingartillögu flyt ég á sérstöku þingskjali, með þeirri breytingu einni, sem er í samræmi við ákvæði stjórnarfrv., að bætt er við hinni nýju deild, byggðadeild, og að starfsheiti forstöðumanna deildanna er breytt og þeir nefndir framkvæmdastjórar.

Alþingi, 11. maí 1976.

Gylfi Þ. Gíslason.